

**4. afgreiðslufundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar (SBE)
haldinn á fundarstað 1, 8. apríl 2020 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Vigfús Björnsson og Snorri Finnlaugsson.

Fundargerð ritaði: Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundur haldinn í Hrafnagilsstræti 34, Akureyri.

Snorri Finnlaugsson, áheyrnarfulltrúi Hörgársveitar, situr fundinn gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Halldórsstaðir - vélageymsla 2020 - 2003006

Halldórsstaðabúið ehf. kt. 420713-0370, Halldórsstöðum 605 Akureyri, sækir um byggingarleyfi vegna nýbyggingar 200 fm vélageymslu á Halldórsstöðum. Erindinu fylgja uppdættir frá Sæmundi Eiríkssyni á Klöpp arkitekta- og verkfræðistofu dags. mars 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

2. Litla-Gil einbýlishús 2020 - 2004001

Jónas Rögnvaldsson kt. 100392-3219, Björk 605 Akureyri, sækir um byggingarleyfi til að koma fyrir 75,0 fm einbýlishúsi á lóðinni Litla-Gili í Eyjafjarðarsveit. Húsið sem um ræðir er í smíðum á lóðinni Stalli í landi Fellshlíðar og er á byggingarstigi 4. Erindinu fylgja uppdættir frá Ívari Ragnarssyni dags. 2020-03-14.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

3. Bakkatröð 15 einbýlishús 2020 - 2004002

JS Trésmíði ehf. kt. 511088-1009, Berglandi 605 Akureyri, sækir um byggingarleyfi vegna nýbyggingar 167,0 fm einbýlishúss í Bakkatröð 15, Hrafnagilshverfi. Erindinu fylgja uppdættir frá H.S.Á. Teiknistofu dags. 2020-03-05.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

Erindi þetta kom ekki fram í fundarboði og er tekið fyrir með afbrigðum.

4. Álfasteinn viðbygging 2020 - 2001004

Hörgársveit kt. 510101-3830, Þelamerkurskóla 604 Akureyri, sækir um byggingarleyfi vegna 169,5 fm viðbyggingar við leikskólann Álfastein, Lónsbakkahverfi. Erindinu fylgja uppdættir frá Opus verkfræðistofu dags. 6. desember 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

Snorri Finnlaugsson sat fundinn undir afgreiðslu þessa fundarliðar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:20

Vigfús Björnsson